

Skipulagsstofnun  
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. ágúst 2022  
UST202207-160/A.Þ.  
10.05.08

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matskyldufyrirspurn - vetnisstöð á Hellisheiði**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 13. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin sem hér um ræðir er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Málshraðaviðmið stofnunarinnar vegna útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá móttöku fullnægjandi umsóknar.

### **Framkvæmdarlýsing**

Orka náttúrunnar ohf. (hér eftir nefnd rekstraraðili) hefur rekið vetnisframleiðslustöðina VON við Tæknigarða á Hellisheiði síðan árið 2020.

Stöðin hefur hingað til verið rekin sem hluti af þróunarverkefni á vegum ESB. Í tilkynningarskýrslu kemur fram að vetnisstöðin starfi núna skv. tímabundnu starfsleyfi Umhverfisstofnunar sem veitt var á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin heimilaði að starfsemin hæfist án starfsleyfis í september 2019 en heimildin var framlengd ári síðar og gildi til 19. janúar 2021. Þar sem rafgreining vatns til vetnisframleiðslu er talin þekkt tækni taldi stofnunin ekki rétt að skilgreina lengri þróunartíma. Rekstraraðili fékk því starfsleyfi fyrir stöðinni þann 7. janúar 2021 sbr. 6. gr. reglugerðarinnar fyrir tæplega 100 tonna framleiðslu á vetni á ári sem gildir til 31. desember nk.

Nú áformar rekstraraðili að sækja um starfsleyfi til framleiðslu á 130 tonnum af vetni á ári á þeim stað og með þeim búnaði sem þegar hefur verið settur upp við Hellisheiðarvirkjun.

Í vetnisstöðinni er raforka nýtt til framleiðslu á vetni á lágannatímum (þ.e. þegar eftirspurn eftir rafmagni er lítil). Búnaðurinn er hýstur í tveimur gámum á steyptri plötu. Við framleiðsluna er notast við raforku frá Hellisheiðarvirkjun og kalt vatn úr vatnsveitu virkjunarinnar. Við rafgreininguna verður til súrefni sem hleypt er út í andrúmsloftið og vetni sem þjappað er á kúta.

### **Umhverfisáhrif framkvæmdar**

Samkvæmt tilkynningarskýrslu eru helstu neikvæðu áhrif starfseminnar áhrif á hljóðvist vegna reksturs kælivifta og á heilsu og öryggi vegna sprengi- og eldhættu. Lagðar eru

fram mótvægisáðgerðir til að lágmarka líkur á neikvæðum áhrifum. Framkvæmdin er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á loftgæði en með henni fæst umhverfisvænna eldsneyti sem felur í sér minni losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar liggja ljós fyrir og að ferli umhverfismats muni í þessu tilfelli ekki varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin uppfylli þau skilyrði sem sett verða í nýju starfsleyfi og verði byggð á bestu aðgengilegu tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

Sigurður Ingason  
*sérfræðingur*